



UMHVERFIS
STOFNUN

Kaldárhraun og Gjárnar

Aðgerðaáætlun



UMHVERFIS
STOFNUN

Um aðgerðaáætlunina

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi náttúruvættisins Kaldárhrauns og Gjánna haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn svæðisins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni.

Uppbygging innviða

Aðrar aðgerðir sem styðja
við stefnu um náttúruvættið
Kaldárhraun og Gjárnar

Uppbygging innviða

- Hjólagrindur settar upp við bílastæði.
- Fjarlægja skal leifar sumarbústaðar sem var innan marka náttúruvættisins og loka svæðinu fyrir akstri utan vega.
- Aðkomu-, upplýsinga- og fræðsluskilti unnin í samræmi við deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu um náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar

Árleg eða regluleg verkefni

- Framandi og/eða ágengar tegundir plantna sem hafa neikvæð áhrif á jarðmyndun, landslag, lífríki eða menningarminjar verða fjarlægðar. Verkefnið er forgangsverkefni.
- Ástandsmat fyrir áningarstaði ferðamanna og gönguleiðir unnið af Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun uppfærir upplýsingar um náttúruvættið á heimasíðu þess eftir þörfum.
- Stikuðum leiðum verði vel við haldið og þær yfirfarnar.
- Villustígum verði lokað og mosi græddur upp þar sem þarf.
- Öryggis- og neyðarbúnaður landvarða yfirfarinn.

Önnur verkefni

- Áætlun gerð um merkingar stíga og þær bættar.
- Viðkvæmum svæðum lokað fyrir umferð hesta.
- Hjólaleiðir skilgreindar og merktar í samráði við hjólafólk.
- Áætlun um að uppræta og/eða halda framandi, ágengum tegundum plantna frá náttúruvættinu verður í forgangi aðgerða og verður unnin innan hálfis árs frá því að áætlun þessi verður staðfest. Leitað verður eftir samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar um verkefnið.
- Kynna skal aðilum sem stunda skógrækt í nágrenni við náttúruvættið mörk þess til að koma í veg fyrir að plöntur verði gróðursettar innan marka svæðisins.
- Umhverfisstofnun og Hafnarfjarðarbær geri áætlun um að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða að og í náttúruvættinu.
- Öryggisáætlun friðlýstra svæða staðfærð og uppfærð eftir þörfum.



UMHVERFIS
STOFNUN